



**Lánaþjóður sveitarfélaga ohf.**

**VIÐAUKI**

við grunnlýsingu dagsetta 13. nóvember 2015

**LSS151155**

## 1 ÁBYRGIR AÐILAR


### 1.1 Útgefandi

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

### 1.2 Yfirlýsing útgefanda

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, nafngreindir hér að neðan, fyrir hönd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem þessi viðauki við grunnlýsingu dagsetta 13. nóvember 2015 hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Jafnframt er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100 umsjónaraðili með töku skuldabréfa lánasjóðsins í flokki LSS151155 til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland ehf.

Reykjavík, 9. apríl 2019  
f.h. Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.  
Borgartúni 30, 105 Reykjavík



Kristinn Jónasson  
stjórnarformaður



Óttar Guðjónsson  
framkvæmdastjóri

## 2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Þessi viðauki við grunnlýsingu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. dagsett 13. nóvember 2015 er gerður til að koma á framfæri við fjárfesta mikilvægum nýjum upplýsingum sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Um útgáfu og töku skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. til viðskipta fer fram samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum, þ.m.t. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lög nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa og lög nr. 110/2007 um kauphallir. Í þessum viðauka vísa „sjóðurinn“ og „lánasjóðurinn“ til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Þar sem viðaukinn tekur aðeins til tiltekinna atriða, skulu fjárfestar lesa viðaukann samhliða grunnlýsinguinni til að öðlast nægjanlegar upplýsingar um útgefanda og skuldabréfaflokkinn.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga hefur samþykkt hækkun á heildarheimild skuldabréfaflokksins LSS151155 úr kr. 25 milljörðum í kr. 35 milljarða. Þann 21. mars 2019 var heildarstærð flokksins kr. 19.984.000.000 að nafnvirði. Lánasjóðurinn áformar að halda regluleg útboð í þessum skuldabréfaflokki til fjármögnunar á útlánum til sveitarfélaga líkt og gert hefur verið síðustu misseri. Stjórn sjóðsins býst við að eftirspurn eftir útlánum sem fjármögnuð eru með LSS151155 verði slík að geri megi ráð fyrir að flokkurinn stækki umfram 35 milljarða að nafnvirði. Að öðru leyti er vísað í útgáfuáætlun lánasjóðsins sem birt er á vefsvæði hans [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is).

Vísað er í grein 5.3 grunnlýsingar LSS151155 sem dagsett er 13. nóvember 2015, en þar er heildarheimild flokksins og fjárhæð útistandandi bréfa tiltekin og þarf því að taka tillit til þeirra upplýsinga.